



Alþjóðleg athafnavika á Íslandi 15.-21.nóvember 2010 www.athafnavika.is

innovit
Nýsköpunar- og frumkvöðlasetur

Alþjóðleg athafnavika fer fram þriðju vikuna í nóvember um allan heim, þar á meðal á Íslandi. Tilgangur vikunnar er að sýna fram á gildi athafnasemi fyrir samfélagið í heild sinni, hvetja þjóðina til athafnasemi og senda jákvæð skilaboð út í þjóðfélagið. Allir geta tekið þátt með því að skrá viðburð á heimasíðu Athafnavikunnar, www.athafnavika.is en þar mun dagskráin einnig birtast ásamt nánari upplýsingum.

Athafnavikan 2010

- Alþjóðleg athafnavika (Global Entrepreneurship Week) fer fram samtímis í yfir 100 löndum um allan heim.
- Á Íslandi leggjum við áherslu á að:
 - Athafnasemi sé forsenda fyrir uppbyggingu atvinnulífsins og auknum lífsgæðum á Íslandi.
 - Að nýsköpun sé hvorki sérstök atvinnugrein né töfralausn – heldur nauðsynlegur þáttur framfara í nýjum sem rótgrónum fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum.
 - Snúa við umræðunni um atvinnulífið og gefa Íslendingum tilefni til að horfa björtum augum fram á veginn.
 - Athafnasemi sé lausn flestra vandamála og skapi ný tækifæri.
- Lögð verður áhersla á fjögur meginþemu í Athafnavikunni á Íslandi:
 - ALÞJÓÐLEG FYRIRTÆKI – UNGIR FRUMKVÖÐLAR – MATARMENNING - ORKA OG UMHVERFI**
- Sameiginleg alþjóðleg markmið Athafnaviku eru:
 - HVATNING – TENGING – LEIÐSÖGN – VIRKJUN**

Athafnavikan 2009

- 120 viðburðir um allt land, 50 samstarfsaðilar og um 5000 þátttakendur á Íslandi.
- Nokkrir stórir viðburðir fóru fram í Athafnavikunni 2009 t.d. Athafnateygjan, Snilldarlausnir Marel, Framkvæmdabók Actavis, Nýsköpunarmessa HÍ og Samráðsfundur Landsvirkjunnar í Blönduvirkjun. Auk þess var HR með fjölbreytta dagskrá alla daga Athafnavikunnar og Nýsköpunarmiðstöð Íslands stóð að fjölda viðburða um allt land. Höfn í Hornafirði var athafnasamasta bæjarfélagið og hlaut viðurkenningu fyrir það. Svona má áfram telja.

Hafðu samband

- Innovit, nýsköpunar- og frumkvöðlasetur, er umsjónaraðili Athafnaviku á Íslandi og sér um skipulagningu, miðlun og kynningu. Nánari upplýsingar veitir Þórhildur Birgisdóttir, thorhildur@innovit.is.



Nokkrir af talsmönnum og skipuleggjendum Athafnavikunnar 2009